

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Rögnvaldur Guðmundsson <rognvaldur@rff.is>
Sent: fimmtudagur, 2. desember 2021 11:43
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Cc: Eyjólfur Ingvi Bjarnason; skulisigurbjornsson@gmail.com; Þuríður Jóney Sigurðardóttir; Einar Jón Geirsson
Subject: Re: 2111018 - Afgreiðsla byggðarráðs Dalabyggðar vegna styrkumsóknar Ólafsdalsfélagsins.

Sæll Kristján og þakka svarið.

Þetta eru veruleg vonbrigði fyrir félagið. Aldrei áður frá árinu 2008 hefur styrkur Dalabyggðar til Ólafsdalsfélagsins verið svo lítill og aldrei undir 500 þúsund fyrr en í fyrra (350 þús.) og svo nú.

Leyfi mér því að senda framhaldserindi hér að neðan á oddvita og byggðarráðsmenn og hef þá því hér með í cc.

Ágæti sveitarstjóri Dalabyggðar, oddviti og byggðarráðsmenn.

Ólafsdalsfélagið hóf endurreisn Ólafsdals árið 2008. Allar líkur eru á að skólahúsið í Ólafsdal hefði verið fjarlægt ef ekki hefði orðið að stofnun félagsins, ekki síst til að forða því. Þar með hefði endurreisn Ólafsdals verið nær útiokuð.

Félagið hafði síðan frumkvæði að samningi fjármálaráðuneytið og Minjavernd árið 2015. Nú stefnir í allt að eins milljarðs uppbyggingu Minjaverndar í Ólafsdal þegar upp verður staðið. Stefnt er á að opna staðinn vorið 2024 (fyrri áfanga), alls fimm hús, og 3-4 hús til viðbótar um þremur árum síðar. Ólafsdalsfélagið hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna í kynningarmálum, miðlun og fræðslu fyrir Ólafsdal. Þá vinnur félagið að því að ná samingum við Minjavernd um að tryggja félaginu varalega aðstöðu í Ólafsdal til að sinna þeim verkefnum og efla félagið þar með enn frekar. Það styttest því í að Ólafsdalur verði mikilvægur áningarstaður ferðamanna í Dölum og við Breiðafjörð. Við það munu skapast mörg störf til hagsbóta fyrir nærumhverfið og Dalabyggð.

Það er von okkar að Dalabyggð sýni hug sinn í verki og auki styrk sinn til Ólafsdalsfélagsins við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2022.

Með bestu kveðjum,
Rögnvaldur Guðmundsson
formaður Ólafsdalsfélagsins
s. 693 2915

Þann 29.11.2021 19:20, skrifaði Sveitarstjóri Dalabyggð:

Góða kvöldið Rögnvaldur.

Á 280. fundi byggðarráðs Dalabyggðar 25.11.2021 var eftirfarandi afgreitt og fært í fundargerð, dagskrárliður 7:

2111018 - Styrkbeiðni frá Ólafsdalsfélaginu 2022

Erindi vegna styrks fyrir árið 2022.

Byggðarráð leggur til í tillögu að fjárhagsáætlun að styrkur til Ólafsdalsfélagsins verði kr. 250.000. Samþykkt samhljóða.

Tillaga að fjárhagsáætlun var tekin til fyrri umræðu 28. október sl. og síðari umræða verður 9. desember.

Bestu kveðjur,
Kristján

Kristján Sturluson

Sveitarstjóri Dalabyggðar

s: +354 4304700

Netfang / email: sveitarstjori@dalir.is

www.dalir.is



Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

--



Virus-free. www.avast.com